



Starfslýsing skólaliða í Regnbogalandi

Næstu yfirmenn eru stjórnendur GSS

Hæfniskröfur:

- Aldurstakmark 20 ára
- Áhugi á að vinna með börnum
- Krafist er íslenskukunnáttu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvulæsi

Ábyrgðarsvið:

- Megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda.
- Mikilvægt er að hafa yfirsýn yfir hvar allir nemendur eru hverju sinni. Starfsmenn geta skipt nemendahópnum á milli sín. Þetta er mikilvægt til að koma í veg fyrir að nemendur týnist eða séu einhvers staðar eftirlitslausir.
- Skólaliði tekur þátt í uppeldis- og umsjónarstarfi og öðrum þeim störfum sem fram fara í Regnbogalandi.

Skólaliði í Regnbogalandi:

1. Byrjar starfsdaginn í mótuneyti, borðar með nemendum og sinnir annarri þjónustu við nemendur í hádegi.
2. Sinnir nemendum í leik á inni- og útisvæðum. Hvetur nemendur til leikja. Hefur áhrif á hvaða leikir og leikmunir eru í boði hverju sinni og sýnir frumkvæði í starfi á því sviði.
3. Reynir að sjá fyrir árekstra milli nemenda og hjálpar þeim að leysa úr málunum.
4. Ber ábyrgð á að skráning fari fram á þar til gert eyðublað þegar nemendur fara eða ef þeir eru fjarverandi þann dag.
5. Sér um að koma nemendum í tómsundur á vegum Snæfells og í tónlistartíma á vegum Tónlistarskóla Stykkishólms, eða annað tómsundastarf.
6. Svarar í síma og töluþósti Regnbogalands. Ætlast er til þess að skólaliðar séu ekki með eigin síma.
7. Aðstoðar nemendur við að ganga frá fatnaði og passar upp á snyrtilega umgengni.
8. Kemur að undirbúningi síðdegishressingar og einnig hádegisverðar ef þess gerist þörf.
9. Skilur við hvert rými eins og komið var að því, þ.e. gengur frá munum, lokar gluggum og slekkur ljós. Skúrar fataklefa í lok dags, sturtar niður í klósettum og tekur upp pappír inni á klósettum. Fer út með rusl sem til fellur í Regnbogalandi.
10. Veitir fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.
11. Gæta trúnaðar um þau málefni sem hann verður áskynja í starfi sínu og helst sú skylda þó látið sé af starfi.